

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis-, byggingarheimildar-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Dalabyggð.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis, byggingarheimildar, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald/byggingarheimildargjald.

Fyrir byggingarleyfi/-heimild.

2.1 Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfis-/byggingarheimildargjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Einbýlishús	kr. 212.223
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	kr. 178.716 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	kr. 152.194 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 128.977 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærrí með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 109.304 pr. íbúð

2.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfis-/byggingarheimildargjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur allt að 500 m ²	kr. 212.223
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur stærri en 500 m ²	kr. 286.502

2.3 Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfis-/byggingarheimildargjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Frístundahús stærri en 50 m ²	kr. 212.223
Smáhýsi allt að 10 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	kr. 15.956
Smáhýsi frá 10 m ² að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	kr. 53.056
Frístundahús 25-50 m ²	kr. 106.111
Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar allt að 20 m ²	kr. 53.056
Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar 20-100 m ²	kr. 106.111
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru minni en 100 m ²	kr. 106.111
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 m ² skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.	
Vélagæmslur/korngeymslur allt að 300 m ² (ef stærra en 300 m ² , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 119.772
Fjárhús, fjós og hesthús og/eda sambærileg hús allt að 300 m ² (ef stærra en 300 m ² , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 119.772
Gróðurhús allt að 300 m ² (ef stærra en 300 m ² , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 119.772

Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði Dala-
byggðar fullbúin og sett á tilbúna undirstöður kr. 106.111

3. gr.

Þjónustugjöld.

3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir.

3.1.1	Afgreiðslugjald	kr. 14.521
3.1.2	Endurskoðun aðaluppdráttar	kr. 18.271
3.1.3	Breytt notkun á mannvirkjum	kr. 71.804
3.1.4	Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	kr. 47.072
3.1.5	Úttekt vegna meistaraskipta	kr. 47.072
3.1.6	Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	kr. 47.072
3.1.7	Úttekt vegna rekstrarleyfis	kr. 47.072
3.1.8	Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði	kr. 47.072
3.1.9	Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði	kr. 47.072
3.1.10	Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	kr. 44.215
3.1.11	Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5	kr. 6.062
3.1.12	Tímabundin stöðuleyfi	kr. 28.722
3.1.13	Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft	kr. 36.859
3.1.14	Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi	kr. 52.337
3.1.15	Breyting á hnitsettu lóðarblaði eða gerð nýs hnitsetts lóðarblaðs	kr. 28.722
3.1.16	Aukaúttekt	kr. 16.595
3.1.17	Aukamæling á útsetningu húss	kr. 81.378
3.1.18	GPS mæling (4-6 punktar)	kr. 71.804
3.1.19	Stofnun lóðar	kr. 47.072
3.1.20	Niðurrif mannvirkja	kr. 14.521

Útrentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum (svart/hvít):

A-4 = kr. 64

A-3 = kr. 137

Útrentun á deiliskipulagsuppdráttum o.fl. í lit:

A-4 = kr. 239

A-3 = kr. 400

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér.

Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.

4.2 Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum hennar er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 12.495 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

Kostnaður vegna skipulagsvinnu.

4.4 Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:

Afgreiðslugjald kr. 14.361

Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.361
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	kr.	430.829
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	kr.	288.236
4.5 Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:		
Afgreiðslugjald	kr.	14.521
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.361
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	kr.	191.480
4.6 Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.361
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr.	kr.	191.480
4.7 Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.361
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	kr.	63.814
4.8 Kostnaður vegna grenndarkynningar:		
Grenndarkynning	kr.	63.814
Grenndarkynning, minniháttar	kr.	27.924
<i>Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.</i>		
4.9 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.		
4.10 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.		
4.11 Vegna aðkeyprtar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.		
4.12 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.		
4.13 Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:		
Afgreiðslugjald	kr.	14.521
Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.361
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.361
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	kr.	14.521
Umsýsla og yfirferð gagna	kr.	20.219
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	kr.	14.521
Áfangaúttekt	kr.	52.137

5. gr.

Gjalddagi, lögveð.

- 5.1 Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi/heimild falli úr gildi eða umsókn sé dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki

endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis/heimildar.

- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2009) í nóvember 2023 sem er 185,9 stig og breytist til samræmis við breytingar á vísitölunni.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

- 7.1 Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 7. desember 2023 er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 öðlast þegar gildi.
- 7.2 Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 246/2023 fyrir byggingarleyfis-, byggingarheimildar-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Dalabyggð.

Dalabyggð, 3. janúar 2024.

Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 17. janúar 2024